



Erindisbréf

Menningar- og ferðamálanefnd Hafnarfjarðar

1. gr. Skipan nefndarinnar

Menningar- og ferðamálanefnd er skipuð þremur fulltrúum og jafn mörgum til vara. Nefndin er kosin til eins árs í senn á fyrsta fundi bæjarstjórnar að loknum kosningum en síðan á fyrsta fundi í júní ár hvert. Á fyrsta fundi nefndarinnar eftir kosningu hennar fer fram kjör formanns og varaformanns. Formanni og varaformanni bæjarráðs er heimilt að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Nefndin starfar í umboði bæjarráðs samkvæmt erindisbréfi þessu, samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköpum bæjarstjórnar og gildandi lögum og fer með málefni menningar- og ferðamála sem henni eru falin.

2. gr. Starfsmenn

Verkefnastjóri menningar- og ferðamála á þjónustu- og þróunarsviði er starfsmaður nefndarinnar og gegnir jafnframt hlutverki ritara hennar. Viðkomandi starfsmaður ber ábyrgð á undirbúningi funda í samstarfi við formann nefndar, framkvæmd ákvarðana nefndarinnar og annarri stjórnsýslu og rekstri sem starfsemi nefndarinnar tengist. Sviðsstjóri þjónustu- og þróunarsviðs situr fundi nefndarinnar ásamt starfsmanni hennar og hafa báðir málfrelsi og tillögurétt.

3. gr. Fundir

Nefndin fundar að jafnaði tvisvar í mánuði á föstum tíma. Boða skal til aukafunda óski bæjarstjóri, formaður eða a.m.k. tveir nefndarmenn þess. Heimilt er að fella niður fundi yfir sumartímann. Fundir eru að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum. Nefndin getur kallað til fundar starfsmenn bæjarins eða utanaðkomandi aðila til umræðu um tiltekin mál. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um málefni sem leynt skulu fara samkvæmt lögum vegna einka- eða almannahagsmuna. Þagnarskyldan gildir einnig eftir að störfum lýkur. Greitt er fyrir setu í nefndinni samkvæmt reglum bæjarráðs.

4. gr. Undirbúningur funda og framkvæmd

Starfsmaður nefndarinnar, verkefnastjóri menningar- og ferðamála, boðar til funda og undirbýr fundi í samráði við formann. Fundarboð og dagskrá skulu send út eigi síðar en tveimur dögum fyrir fund. Við undirbúning og afgreiðslu mála skal fylgja stjórnsýslulögum og verklagsreglum stjórnsýslunnar. Viðkomandi starfsmaður ber jafnframt ábyrgð á því að ákvörðunum nefndarinnar sé fylgt eftir.

Nefndarmönnum ber að sækja fundi. Heimilt er að taka þátt með rafrænum hætti samkvæmt 3. og 4. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga. Forfallist nefndarmaður skal hann boða varamann. Langvarandi forföll skal tilkynna formanni. Um hæfi nefndarmanna fer samkvæmt sveitarstjórnarlögum. Nefndarmaður skal víkja sæti við meðferð máls sem varðar hann sjálfan eða nána venslamenn. Fundur telst lögmætur ef löglega hefur verið til hans boðað og meira en helmingur nefndarmanna sækir fundinn.



Hafnarfjörður

5. gr. Fundarsköp

Formaður stjórnar fundum nefndarinnar og gætir þess að þeir fari löglega og skipulega fram. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar gilda eftir því sem við á. Mál sem ekki er á útsendri dagskrá verður ekki tekið til afgreiðslu á fundi án samþykkis 2/3 hluta fundarmanna. Óski einhver nefndarmanna þess skal afgreiðslu slíks máls frestað.

6. gr. Verkefni menningar- og ferðamálanefndar

Hlutverk menningar- og ferðamálanefndar er að fara með og móta sýn í menningar- og ferðamálum í víðtækum skilningi í sveitarfélaginu og vera ráðgefandi til bæjarráðs og bæjarstjórnar um þau mál. Menningar- og ferðamálanefnd fer með hlutverk stjórnar Bókasafns Hafnarfjarðar skv. bókasafnslögum nr. 150/2012 og Byggðasafns Hafnarfjarðar skv. safnalögum nr. 141/2011 og lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Nefndin stuðlar að framkvæmd Heildarstefnu Hafnarfjarðar með áherslu á lífsgæði, menningu, samfélagsþátttöku, sjálfbærni og aðdráttarafl bæjarins.

Menningar- og ferðamálanefnd skal:

- Gera tillögu til bæjarráðs um stefnu í menningar- og ferðamálum Hafnarfjarðar og stefnumörkun stofnana sem starfa að menningarmálum í Hafnarfirði í eigu, leigu og/eða rekstri bæjarins.
- Vinna að því að efla menningarlíf í Hafnarfirði og móta hátíðarhöld, viðburði og menningarverkefni í samræmi við menningarstefnu sveitarfélagsins svo almenningi gefist tækifæri til að njóta menningar, lista og menningararfs.
- Fjalla um þann hluta fjárhagsáætlunar bæjarfélagsins sem varðar málefni nefndarinnar, vísa tillögum til bæjarráðs, fylgjast með því að fjárhagsáætlun sé fylgt og bregðast við með athugasemdum og tillögum til bæjarráðs eftir því sem við á.
- Gera tillögur til bæjarráðs um starfsreglur og gjaldskrár þeirra stofnana sem nefndin hefur umsjón með.
- Fylgjast með starfi og rekstri stofnana sem nefndin hefur umsjón með og þeirra aðila sem njóta þjónustu- og rekstrarstyrkja úr bæjarsjóði.
- Ákveða styrkveitingar til einstakra menningarverkefna, félaga eða einstaklinga á grundvelli sérstaks umboðs sem bæjarráð veitir hverju sinni og heimildir eru fyrir í fjárhagsáætlun.
- Gera tillögu um tilnefningu bæjarlistamanns Hafnarfjarðar.
- Vera tengiliður við menningarstofnanir, félagasamtök, listafólk og aðra hagaðila sem vinna að menningu og listum í sveitarfélaginu.
- Gera tillögu til bæjarráðs um staðsetningu hvers konar myndverka á almannafæri að fenginni umsögn menningar- og listamiðstöðvarinnar Hafnarborgar og skipulags- og byggingaráðs.
- Efla aðgengi íbúa að fjölbreyttu menningarstarfi og styðja við skapandi starfsemi, framþróun lista og miðlun menningararfs Hafnarfjarðar.
- Stuðla að jákvæðri ímynd Hafnarfjarðar sem áfangastaðar og styðja við þróun sjálfbærrar ferðaþjónustu.
- Styrkja stöðu bæjarins sem áfangastaðar fyrir menningar- og samfélagsviðburði.
- Fara að öðru leyti með verkefni á sviði menningar- og ferðamála sem nefndinni er falið af bæjarráði og bæjarstjórn eða samkvæmt lögum og reglugerðum.



Hafnarfjörður

7. gr. Afgreiðsla mála

Málum í menningar- og ferðamálanefnd er lokið með umsögn, ályktun eða tillögu, eða með því að vísa þeim til afgreiðslu bæjarráðs, bæjarstjórnar eða annarra stjórnsýslueininga. Nefndarmaður á rétt á að bóka athugasemd við afgreiðslu máls. Við umfjöllun um fjárhagsáætlun og ársreikninga getur slík bókun verið ítarlegri. Heimilt er að fresta afgreiðslu máls nema lög kveði á um afgreiðslu innan ákveðins frests.

8. gr. Fundargerðir

Í fundargerð skulu koma fram fundarnúmer, dagskrármál og afgreiðsla þeirra, auk upplýsinga um fundarstað, fundartíma og fundarsókn. Ef ekki er samstaða um afgreiðslu skal skrá hvernig atkvæði skiptast. Fundargerðir eru færðar rafrænt í fundarkerfi bæjarins. Að fundi loknum eru þær sendar til rafrænnar undirritunar og birtar á vef bæjarins samkvæmt gildandi reglum um birtingu fundargagna.

Fundargerðir menningar- og ferðamálanefndar skulu lagðar fyrir bæjarráð eins fljótt og unnt er eftir fund. Ef þær fela ekki í sér tillögur eða ályktanir sem þarfnast staðfestingar eru þær lagðar fram til kynningar. Að öðrum kosti skal viðkomandi dagskrárliðum vísað til afgreiðslu bæjarráðs.

9. gr. Lagagrunnur og stefnumið

Erindisbréf þetta byggir á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011, stjórnsýslulögum nr. 37/1993, samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 24/2021, ásamt viðaukum. Við störf sín hefur menningar- og ferðamálanefnd hliðsjón af menningarstefnu Hafnarfjarðar, ferðamálastefnu Hafnarfjarðar, heildarstefnu Hafnarfjarðar, mannréttinda- og jafnréttisstefnu Hafnarfjarðarbæjar, heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eftir því sem við á, auk annarra stefna, áætlana og laga sem tengjast verksviði hennar.

10. gr. Gildistaka

Uppfært erindisbréf var samþykkt í menningar- og ferðamálanefnd þann 26. ágúst 2026 og staðfest í bæjarráði þann 3. september 2026. Engar efnislegar breytingar heldur uppfærsla í takti við önnur erindisbréf sveitarfélagsins.